

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu).

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu).

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, sjálfstæði, óhlutdrægni og hlutleysi. Rauði krossinn á Íslandi hefur með hliðsjón að framangreindu ákveðið að veita umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem stefnt er að því að breyta ákvæðum laga um hatursorðræðu. Breytingarnar hafa í för með sér að hatursorðræða samkvæmt lögum taki aðeins til tjáningar sem felur í sér tiltekinn grófleika eða alvarleika.

Rauði krossinn á Íslandi vill vekja athygli á því hvers skaðleg hatursorðræða getur verið í samfélaginu. Tjáningarfrelsi einstaklinga er varið í stjórnarskrá Íslands en er vandmeðfarið. Túlka skal takmörkun á tjáningarfrelsi með þröngum hætti og aðeins þannig að það sé nauðsynlegt í lýðræðislegu samfélagi. Því miður virðast nýleg dæmi benda til þess að tjáningarfrelsi einstaklinga þurfi að vera settar ákveðnar skorður og þá sérstaklega til verndar jaðarsettum hópum í samfélaginu.

Frumvarpsdrögin virðast taka lítið mið af skaðsemi hatursorðræðu, umfangi þeirra og afleiðingum. Í frumvarpsdrögum er aðeins vísað til dóma héraðsdóms og Hæstaréttar þar sem reynt hefur á mat dómstóla á framangreindu ákvæði hegningarlaga. Er því engri athygli beint að öllum þeim tilfellum þar sem hatursorðræða ratar ekki alla leið á borð dómstóla. Vitanlega kemur upp fjöldi tilfella sem fara ekki þá leið en valda einstaklingum ómældum skaða.

Hatursorðræða í íslensku samfélagi er ekki ný af nálinni en með tilkomu Internetsins og samfélagsmiðla hefur opnast vettvangur fyrir orðræðu sem getur haft mikinn skaða fyrir hóp jaðarsettra einstaklinga í samfélaginu sem eru í viðkvæmri stöðu. Það er því eðlilegt að veita slíkum hópum aukna vernd í almennri umræðu. Á það sérstaklega við á tímum sem þessum þar sem samfélagsumræðan er enn að aðlagast nýrri tækniþróun og nýjum möguleikum við að koma skoðunum og því miður alltof oft hatursfullum sjónarmiðum á framfæri.



Á samstarfsvettvangi Rauða kross félaga í Evrópu (PERCO) er sjónum nú í auknum mæli beint að alvarlegum afleiðingum hatursorðræðu, einkum sem byggð er á ótta gegn útlendingum. Þetta bitnar ekki síst á flóttafólki, einum viðkvæmasta hópi skjólstæðinga hreyfingarinnar, sem flúið hefur lífshættulegar aðstæður og leitað skjóls í öruggeri ríkjum. Hafa félögin áhyggjur af því að aukin sundrung sé að skapast og að hatursorðræða geti haft í för með sér mjög alvarlegar neikvæðar samfélagslegar breytingar. Félagið hér á landi hefur orðið vitni að mörgum dæmum þess efnis að vegið sé að þessum viðkvæma hópi með bæði orðum og gerðum.

Rauði krossinn hvetur til þess að heildstæðari skoðun verði framkvæmd á hatursorðræðu í íslensku samfélagi og afleiðingum hennar áður en ráðist er í hugsanlegar breytingar á framangreindum lögum. Slik skoðun myndi þá taka meiri mið af þeim brotapolum sem breytingarnar varða og þeim úrræðum sem þeim standa til boða.

